

Aðalfundur foreldrafélags Naustaskóla haldin 28.september 2022 í sal Naustaskóla.

Alls mættir 16.

Fyrirlestur. Steinunn Alda umsjónarkona félagsmiðstöðvarinnar Naustaskjól og hinssegin félagsmiðstöðvarinnar. Talar um hinsegin ungmenni og kynnir hinsegin félagsmiðstöð.

1. Fanney og Anna Lilja fluttu skýrslu stjórnar. Segir frá starfi foreldrafélagsins í vetur. Það sem félagið hefur meðal annars gert í vetur eru kaup á leikföngum, bókum og boltum. Einnig var boðið upp á fyrirlestur um lesblindu og leiksýningu frá Leikhópnum Lottu. Þau málefni sem rædd voru meðal annars að auka úrval á salatbar skólans og hvernig virkja mætti bekkjarkvöld. Einnig styrkti foreldrafélagið hópefli sem 6.-10. bekkur tóku þátt í í haust.
2. Anna Lilja kynnti ársreikning stjórnar. Ársreikningur aðgengilegur á heimsíðu skólans. Umræður um skipulag á fjáröflunar í 10. bekk. Ársreikningur samþykktur.
3. Kosning nýrrar stjórnar. Stjórn 2022-2023 skipa:
Formaður: Fanney Bergrós Pétursdóttir barn í 9. bekk
Gjaldkeri: Anna Lilja Gunnlaugsdóttir barn í 8. bekk
Meðstjórnendur:
Elísa Arnars Ólafsdóttir - barn í 8. bekk
Heiða Dögg Jónasdóttir - börn í 9., og 10. bekk
Ingibjörg Þórðardóttir - barn í 8. bekk
Kristín Guðmundsdóttir - barn í 9. bekk
Rósa María Rúnarsdóttir - barn í 5. bekk
Sigurveig Björg Harðardóttir - börn í 2., 6. og 8. bekk
Thelma Björg Stefánsdóttir - börn í 3., 6., og 10. bekk
4. Stjórn mun skipa með sér hlutverkum í skólaráð og SAMTAKA.
5. Endurskoðendur reikninga Ingibjörg og Heiða Dögg buðu sig fram.
6. Starf skólaráðs Naustaskóla 2021-2022 rætt. Rósa María var fulltrúi foreldrafélags og Anna Rósa fulltrúi foreldra. Fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans.
7. Starf SAMTAKA 2021-2022 kynnt og rætt. Þar eiga öll foreldrafélög á Akureyri fulltrúa. Hugmynd kynnt að hafa fræðslu á vegum foreldrafélaga opna fyrir alla foreldra.
8. Önnur mál.
 - a. Bekkjarkvöld. Umræður um skipulag. Hugmynd rædd að foreldrar skrái þátttöku á lista í foreldraviðtölum.

- b. Anna Lilja kynnir facebook síðu Naustakóla, foreldrafélags síðu og heimasíðu.
- c. Ræddar voru hugmyndir varðandi auglýsingar frá öðrum skólum um viðburði sem nemendum býðst að taka þátt í.

Fundi slitið kl.21:15